



BA ritgerð

Tvítyngi er í góðum málum

*Skilgreining á tvítyngi og greining þess í ítalskri-íslenskri
fjölskyldu*

Alma Sól Morelli

Leiðbeinandi Þóra Björk Hjartardóttir
júní 2019



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslenska sem annað mál

Tvítýngi er í góðum málum

*Skilgreining á tvítýngi og greining þess í ítalskri-íslenskri
fjölskyldu*

Ritgerð til B.A.-prófs

Alma Sól Morelli

Kt.: 190896-2189

Leiðbeinandi: Þóra Björk Hjartardóttir

Maí 2019

Ágrip

Þessi ritgerð er lögð fram til BA-prófs í íslensku sem öðru máli á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Umfjöllunarefni ritgerðarinnar er tvítyngi og munur á máltöku eintyngdra og tvítyngdra barna. Skoðaðir verða áskapaðir hæfileikar mannsins til máltöku, þ.e.a.s. getu barna til að læra hvaða mál sem er með því að fylgja sérstöku ferli. Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á að tvítyngd börn öðlast tungumál sín tvö hvert fyrir sig á svipaðan hátt og eintyngd börn læra sitt tungumál.

Fjallað er um það að engin nákvæm skilgreining á hugtakinu tvítyngi er til þótt fyrirbærið hafi verið skoðað frá mismunandi og fjölbreyttum sjónarhornum. Samt sem áður hafa sumir fræðimenn gert grein fyrir mismunandi gerðum af tvítyngi eftir helstu þáttum sem geta haft áhrif, svo sem aldri, uppruna, uppeldi og sjálfsmynd. Í ljósi þessa verður ítölsk-íslensk fjölskylda tekin sem dæmi og tvítyngi hvers og eins meðlims greint. Að lokum verður gerð grein fyrir atriðum sem tvítyngi felur í sér svo sem málvíxl, truflun og lán og hvernig þessi atriði birtast í fjölkylldunni sem er skoðuð. Einnig verður minnst á að lengi ríktu fordómar gegn tvítyngi og áhrifum sem það hefur á uppeldi barns. Nýrri rannsóknir sýna í dag að tvítyngi er ekki skaðlegt fyrir börn heldur þvert á móti að það auðgi þau með því að gefa þeim betri skilning á raunveruleikann sem umkringir þau.

Efnisyfirlit

ÁGRIP	1
TÖFLUSKRÁ	3
1. INNGANGUR	4
2. MÁLTAKA BARNA	6
2.1 Áskapaðir hæfileikar mannsins til máltöku	6
2.2 Máltökustig	7
3. TVÍTYNGI	10
3.1 Almenn lýsing	10
3.2 Máltaka tvítyngdra barna	12
3.1 Gerðir tvítyngis	14
4. LÝSING Á TVÍTYNGDRI FJÖLSKYLDU	17
4.1 Aðstæður	17
4.2 Tvítyngi fjölskydunnar	18
5. MÁLVÍXL, „TRUFLUN“ OG „LÁN	22
5.1 Almenn lýsing	22
5.2 Dæmi úr tvítyngdri fjölskýldu	23
5.3 Fordómar í sambandi við tvítyngi og málvíxl	25
6. NIÐURLAG	26
HEIMILDASKRÁ	28

Töfluskra

TAFLA 1. Tvítýngi fjölskyldunnar.....	21
--	-----------

1. Inngangur

Ein af stærstum vangaveltunum á sviði málvísinda snýst um máltöku og tvítyngi. Til eru á milli fimm og sex þúsund tungumál í heiminum, án þess að telja mállýskur, og mörg af þessum tungumálum eru töluð af frekar litlum hópum fólks.¹ Það er stórkostlegt að hugsa til þess hversu mikilvægt það er fyrir mannfólk að geta tjáð sig, svo mikilvægt að það hefur fundið óteljandi vegu til að geta gert það. Maðurinn er félagsvera sem hefur þörf fyrir að eiga í samskiptum við fólk sem umkringir hann. Þetta er staðreynd sem virðist staðfestast í meðfæddum hæfileikum mannsins til að læra hvaða tungumál sem er á fyrstu mánuðum lífsins.

Svo að tungumál barna þróist verður það samt auðvitað að fá örvun í gegnum samskipti sem leiða svo til eðlilegrar stigbundinnar máltöku. Í kafla 2 verður rætt um það að mál barna þróast í gegnum fjögur grunnsvið málsins sem eru hljóðfræði, merkingarfræði, málfræði og málnotkun og að máltaka barna byggist upp stig af stigi þar til barnið hefur náð fullu valdi á tungumálinu.

Flestir jarðarbúar alast upp við að læra tungumál sem verður síðan móðurmál þeirra. Nú á tímum alast samt sem áður upp fleiri og fleiri börn sem læra ekki bara eitt tungumál heldur öðlast þau skilning á tveim eða fleiri tungumálum. Það sem verður skoðað í þessari ritgerð og sérstaklega í kafla 3 er á hvaða hátt máltaka eintyngdra og tvítyngdra barna er lík eða ólík. Mest áhersla verður þó lögð á að greina þýðingu tvítyngis og eiginleika þess og þar af leiðandi skilgreina gerðir tvítyngis sem hafa verið kannaðar af mismunandi fræðimönnum.

Í kafla 4 verður síðan ítölsk-íslensk fjölskylda tekin til skoðunar til að gefa dæmi um sérhverja gerð tvítyngis. Gerð verður því greining á tvítyngi hvers fjölskyldumeðlims og almennt á tvítyngi fjölskyldunnar sem skiptast í jafnhliða, áunnið, óvirkt og eftirkynþroska tvítyngi. Því næst verða sérkenni tvítyngis tekin til athugunar og lýst verður „málvíxlum“, „truflun“ og „lánun“, áhugaverðum fyrirbærum sem einkenna tungumál tvítyngdra.

Öllu því sem er talið öðruvísi en eðlilegt fylgja fordómar og efasemdir. Gegnum árin hafa margar rannsóknir viljað skerða álit manna á tvítyngi með því að skilgreina það sem skaðlegt og vont fyrir börn, eitthvað sem gæti eyðilagt málþroska og vitsmunþroska.

¹¹ Nelson 2000

Þessi viðhorf höfðu áhrif á samfélagið sem horfði oft á tvítyngi með ótta. Í kafla 5 verður rætt um það að nú til dags sýni nýrri rannsóknir að tvítyngi hefur jákvæð áhrif á börn og að engin munur sé á málþroska þeirra og eintyngdra barna, nema að það gangi stundum hægar.

Í lokakaflanum verða síðan helstu atriði ritgerðarinnar dregin saman.

2. Máltaka barna

2.1 Áskapaðir hæfileikar mannsins til máltöku

Enginn kennir börnum að tala og það er staðreynd. Það er hvorki hægt að segja að þau læri tungumálið með því að herma eftir foreldrum sínum né af því að þeim sé leiðbeint um almennar málfræðireglur. Það er einfaldlega vegna þess að leiðbeiningar foreldra eru ætlaðar frekar til að leiðrétta þau hvað varðar merkingu orða fremur en það sem varðar málfræðikerfið. Auk þess eru málvillur barna ekki tilviljanakenndar, þær tilheyra ákveðnu stigi málþroskans þar sem börnin mynda sér reglur sem þau fylgja í talmáli sínu og eru ólíkar reglunum sem einkenna talmál fullorðinna². Í því sambandi er hægt að nefna eitt atriði sem auðkennir mál barna og vitnar um reglusemi máls þeirra. Það er alhæfing málfræðireglna, það er að segja að börn hafa tilhneigingu til að alhæfa reglur málsins sem fylgja reglulegasta og algengasta mynstrinu: nafnorð fá t.d. algengustu fleirtöluendinguna (*fótur-fótar ; mús-mýsir*) ; sagnir fá algengustu þátíðar endinguna –*aði* (*dettaði, hlaupaði*)³. Þessar alhæfingar snerta ákveðin stig máltökunnar en svo fara reglur barna að líkjast stig af stigi reglum tungumálsins sem þau eru að tileinka sér. Einnig er tungumál fullorðinna ófullkomin heimild fyrir börnin til að fara eftir: Fullorðnir mismæla sig oft, hætta í miðri setningu og nota bara hluta af þeim möguleikum sem tungumálið býður upp á. Allt þetta sýnir okkur að börn fæðast með sérstaka hæfileika til að læra tungumál.

Öll börn, frá öllum löndum læra móðurmál sitt á svipaðan hátt, á svipuðu tímabili og fara í gegnum sömu þróunarstig, meira að segja heyrnarlaus börn. Út af samkvæmni máltökunnar í öllum heiminum telja flestir málvísindamenn að börn séu gædd meðfæddum hæfileikum til að læra hvaða tungumál sem er. Einn af þessum fræðimönnum er Noam Chomsky sem hélt því fram að það að læra tungumál væri eitthvað sem kemur fyrir barnið frekar en eitthvað sem barnið gerir⁴. Hann er höfundur svo kallaðrar málkunnáttufræði (e. *Generative grammar*), en kjarninn í henni er að menn hafi áskapaða málfræðikunnáttu, þ.e.a.s. þekkingu á ákveðnum málfræðiatríðum sem eru sameiginleg öllum tungumálum heimsins. Þessi fyrirmæli hafa verið kölluð

² Sigríður Sigurjónsdóttir 2000:31-32

³ Sigríður Sigurjónsdóttir 2000:32

⁴ Chomsky 1988:134

algildismálfræði (e. *Universal Grammar, UG*)⁵. Það sem Chomsky reyndi að útskýra með þessari kenningu er hvernig börn geta áunnið sér fulla málhæfni þó að málið sem talað er í hversdagslegu umhverfi þeirra sé svo ófullkomið og ófullnægjandi, eins og fyrr hefur verið sagt.

Þrátt fyrir það að það sé ófullkomin heimild fyrir börnin, er talmálið sem þau heyra í kríngum sig nauðsynlegt til að hægt sé fyrir þau að mynda sér reglur. Einnig eru samskipti við annað fólk á máltökuskeiði ómissandi til að barnið nái valdi á málinu.

2.2 Máltökustig

Eins og fyrr hefur verið sagt fer hvert barn í gegnum ákveðin stig í máltökunni. Ferill þessara stiga hefur verið rannsakað í ótalmörgum rannsóknum. Helstu heimildirnar sem hafa verið notaðar koma aðallega frá dagbókum og upptökum sem foreldrar hafa safnað. Sérhvert stig er reglulegt, þ.e.a.s. að börn fylgja ákveðnum reglum í málinu sem þau mynda sér sjálf en eru samt ekki nauðsynlega eins og reglur fullorðinna. Mál barna þróast í gegnum fjögur grunnsvið málsins sem eru hljóðfræði, merkingarfræði, málfræði og málnotkun.

Fræðimenn hafa rannsakað hvernig ungbörn bregðast við þegar þau eru háð mismunandi áreiti. Það er búið að sýna fram á að þegar þessi áreiti voru ólík og fjölbreytt jók barnið sogtíðnina. Þessar rannsóknir leiddu þá í ljós að öll ungbörn geta greint á milli alls konar máhljóða, líka á milli þeirra sem eru ekki til í tungumálinu sem er talað í heimilisumhverfi barnanna sem styður það að þau hafi hæfileika til að tileinka sér hvaða mál sem er⁶. Tungumál þeirra er samt ekkert nema grátur, alveg þangað til þau verða sex mánaða: þá hætta þau að geta greint á milli hljóðunga sem eru ekki til í tungumálinu sem þau heyra og byrja svo að hjala og babla. Smám saman byrja þau að mynda fyrstu orðin, en ferlið til að ná að bera fram þessi mismunandi orð í móðurmálinu tekur nokkur ár; oft geta börnin greint á milli málhjóða en ekki borið þau fram. Það er þess vegna mikill munur á milli orðanna sem börnin þekkja og orðanna sem þau geta sagt. Þannig getur barnið á einhverju tímabili kannski einungis sagt tíu orð, en þekkir í rauninni og skilur meira en hundrað.

⁵ Sigríður Sigurjónsdóttir 2013:107

⁶ Fromkin og fl. 2011:400

Flest börn fara í gegnum stig sem kallast einsorðastig (e. *holopratic*). Á þessu stigi getur eitt orð innihaldið merkingu heillar setningar.⁷ Með orðinu *mjólk* t.d., gæti barn verið að meina að það langi í mjólk, en líka að það sé bara að benda á mjólkina sem er fyrir framan það. Á meðan á þessu ferli stendur í málþróun þeirra, veit hvorki barn né foreldri raunverulega hvað hitt er að segja: fullorðnir reyna að túlka orð barnanna á ákveðin hátt og reyna að gefa þeim merkingu; börnin, af sínu viti, gera það sama þegar fullorðnir tala við þau eða sín á milli.

Fyrstu orðin sem safnast í orðaforða barnanna, eru orð yfir hluti sem þau geta notað og handleikið eins og t.d. *skór* eða *húfa*. Ásamt fyrstu orðunum koma líka fyrstu tungumálamistökin. Algengustu villur sem börn gera eru *merkingarvíkkun* (e. overextension), þar sem orð er notað yfir of vítt svið, og *merkingarþrenging* (e. underextension), þar sem orð er notað yfir of þröngt svið. Dæmi um merkingarvíkkun er þegar lítil börn nota orðið *kisa* yfir öll dýr, en dæmi um merkingarþrengingu er þegar *kisa* er bara heimiliskötturinn. Þetta er mjög algengt í kringum tveggja ára aldur.⁸

Þegar börnin eru í kringum tveggja til þriggja ára aldur, komast þau á þrep sem kallast *orðasprenning*, þar sem þau eiga auðvelt með að læra mörg ný orð á dag. Með öllum þessum nýjum orðum verða einorða tjáningar að tveggja orða tjáningum. Það þýðir að börnin eru farin að setja tvö orð saman og eru þá komin á það sem er kallað *tveggja orða stig*.⁹ Nú er ávinningur barnanna af málfræðinni augljós og þekkingin á málfræðireglunum fer að þróast meira og meira. Orðin sem þau kunna, sem voru fyrst kannski bara nafnorð, verða núna líka lýsingarorð, atviksorð og sagnir. Þess vegna verða setningar þeirra flóknari og þekking þeirra á málkerfinu meiri, þar sem þau byrja að átta sig á merkingarmun setninganna eftir því hvernig röðun er á orðunum.¹⁰

Smám saman kemur að því stigi þegar mál barna þróast aðallega í gegnum málnotkun, þ.e. þegar þau byrja að læra hvernig málið er notað í samskiptum. Það að kunna að nota málið hjálpar börnunum að skilja siðvenjur í notkun máls, t.d. hvenær eigi að segja *takk* eða *gjörðu svo vel* og hvað er viðeigandi í hverjum aðstæðum. Þannig læra börnin að halda uppi samræðum við fólkið í kringum sig og að nota þessar samræður til

⁷ Fromkin o.fl. 2011:401

⁸ Lightfoot o.fl. 2013:252

⁹ Sigríður Sigurjónsdóttir 2013:121

¹⁰ Lightfoot o.fl. 2013:255

að ná markmiðum sínum. Þriggja ára börn kannast flest vel við það að setning getur haft mismunandi merkingu og geta því tjáð eina merkingu eða eitt markmið á marga vegu.¹¹

Flest börn eru orðin altalandi um fjögurra til sex ára aldur, þegar þau eru búin að tileinka sér nokkuð ríkulegan orðaforða og þegar tungumál þeirra er búin að ná nánast fullri þróun á öllum aðalsviðum málsins, svo sem hljóðfræði, beygingafræði og setningafræði.¹²

¹¹ Lightfoot o.fl. 2013:258

¹² Sigríður Sigurjónsdóttir 2013:107

3. Tvítýngi

3.1 Almenn lýsing

Illgerlegt er að gefa nákvæma skilgreiningu á hugtakinu tvítýngi. Tvítýngi hefur verið rannsakað og greint á marga vegu og frá mismunandi sjónarhornum, en engin ein skilgreining liggur fyrir.

Leonard Bloomfield er einn af þeim fyrstu sem skrifað hafa um tvítýngi. Sérstaklega hefur hann rætt um þetta mál í ritinu *Language* árið 1933 þar sem hann skilgreindi tvítýngi sem kunnáttu á tveimur málum til jafns við innfædda. Flestir tvítýngisfræðingar hafa hafnað áður nefndri skilgreiningu þar sem það er mjög sjaldgæft að einstaklingur þekki tungumálin sín alveg til jafns við innfædda, það er frekar þannig að tvítýngd börn hafa eitt af tungumálunum sem fyrsta mál, þ.e.a.s. málið sem þau nota mest og hafa betra vald á. Samkvæmt skilgreiningu Bloomfields væri þá engan eða fáa hægt að afráða sem tvítýngdir. Árið 1953 hefur Uriel Weinreich skrifað ritið *Languages in Contact: Findings and Problems*, þar sem hann heldur þessu fram: „Að nota til skiptis tvö tungumál kallast tvítýngi og þeir einstaklingar sem slíkt gera kallast tvítýngdir“.¹³ Það er hægt að líta á þessa fullyrðingu sem andstæðu við fullyrðingu Bloomfields; enda væru, samkvæmt þessu, allir þeir einstaklingar sem nota fleira en eitt tungumál hversdagslega taldir tvítýngdir, án þess að gera grein fyrir því hvernig sú málhæfni er.

Einnig er nauðsynlegt að hafa í huga að tvítýngi getur verið skoðað bæði sem einstaklingfyrirbæri og sem samfélagslegt fyrirbæri. Þegar um samfélagslegt fyrirbæri er að ræða, er átt við lönd sem teljast tvítýngd eða fjölyngd; það er að segja að fleira en eitt tungumál er talað innan ríkis þess lands, hvort sem þau séu viðurkennd af stjórnvöldunum eða ekki. Þess vegna geta þessi tungumál verið opinber eða óopinber, t.d þegar önnur mál eru notuð hliðstætt við opinberu málin¹⁴.

Skilgreining almenns fólks á tvítýngi sem einstaklingsfyrirbæri, er oftast að einhver getur verið talinn tvítýngdur er hann notar og hefur þekkingu á tveim tungumálum til jafns. Samkvæmt þessari skilgreiningu verður þekkingin á málunum að vera jafn góð og

¹³ Þórdís Gísladóttir 2004:144

¹⁴ Þórdís Gísladóttir 2004:145

þekking eintýngds einstaklings á hverju máli, svolítið eins og Bloomfield ræddi í riti sínu¹⁵. Enda nota sumir fræðimenn þetta heiti bara um einstaklinga sem hafa alist upp við tvö tungumál frá unga aldri. Samt er oftast gerður greinamunur milli þeirra sem læra málin samtímis og þeirra sem ná fyrst grundvallartökum á einu máli áður en þau læra viðbótarmálið.

Aðrir fræðimenn nota orðið tvítýngi í miklu breiðari skilningi og telja vera tvítýngda alla þá sem nota tvö tungumál að einhverju leiti í sínu daglega lífi; þessi skilgreining væri sambærileg t.d. við það sem Weinreich tók fram í riti sínu¹⁶. Víst er þá að það er mjög erfitt að gefa eina skilgreiningu á fyrirbærinu „tvítýngi“, því að fræðimenn, en líka almenningur horfir á það frá sínu eigin sjónarhorni. Til þess að einfalda skilninginn á þessum mismunandi álitum, hefur Þórdís Gísladóttir, í grein sinni „Hvað er tvítýngi?“¹⁷, tekið saman allar helstu skilgreiningar og flokkað þær eftir þeim mismunandi sjónarhornum sem fræðimenn hafa notað: *upprunarviðmið*, *kunnáttuviðmið*, *notkunarviðmið* og *viðhorfsviðmið*.

Samkvæmt upprunarviðmiðinu, verður einstaklingur að hafa lært tvö tungumál á sömu stundu í uppvexti, til að hægt sé að skilgreina hann sem tvítýngdan. Kenningin sem nálgast mest upprunarviðmiðið, er kenning Bloomfields, sem gaf út bók árið 1933, þar sem hann útlistar tvítýngi sem kunnáttu á tveimur tungumálum til jafns við innfædda (e. *native-like control of two languages*).¹⁸ Kunnáttuviðmiðið telur tvítýngi vera einhvers konar ferli þar sem einstaklingar geta verið mismunandi vel staddir, það er að segja að þeir eru á einhverjum ákveðnum stað á einhverjum ákveðnum tímapunkti. Notkunarviðmiðið skoðar hins vegar hvort að einstaklingur geti notað málin sem hann þekkir við mismunandi aðstæður í sínu daglega lífi. Hann er þá talinn tvítýngdur, þótt að hægt sé að skilgreina í mæli hans að hann hafi annað tungumál sem móðurmál. Að lokum skilgreinir viðhorfsviðmiðið tvítýngi, fyrst og fremst út frá viðhorfi einstaklings og sjálfsmýnd hans, hvort hann sjái sjálfan sig sem tvítýngdan og hins vegar viðhorf annarra, hvort þeir telji einstaklinginn tvítýngdan¹⁹.

Með allar þessar mismunandi skilgreiningar að leiðarljósi, er hægt að segja að sama hvernig þær eru útfærðar, þá séu alltaf tvær meginlínur í hugmyndum fræðimanna

¹⁵ Þórdís Gísladóttir 2004:146

¹⁶ Elín Þöll Þórðardóttir 2007:102

¹⁷ Þórdís Gísladóttir 2004:146

¹⁸ Þórdís Gísladóttir 2004:147

¹⁹ Þórdís Gísladóttir 2004:147-148

varðandi tvítyngi, í fyrsta lagi út frá jafnri málhæfni í báðum málum og í öðru lagi út frá því að hafa á valdi sínu tvö mál, en ekki endilega jafna málhæfni, og nota þau jöfnum höndum.

3.2 Máltaka tvítyngdra barna

Í ljósi þess sem sagt hefur verið hingað til, er hægt að skipta tvítyngdum börnum í tvo meginhópa, eftir því hvaða gerð af tvítyngi þau öðlast: annarsvegar er það áunnið tvítyngi (e. *sucessive bilingualism*) og hins vegar jafnhliða tvítyngi (e. *simultaneus bilingualism*).²⁰

Áunnið tvítyngi á sér stað þegar einstaklingur hefur tvö tungumál að móðurlmáli en hefur tileinkað sér annað af þessum tveimur málum seinna heldur en hitt.²¹ Dæmi um það er þegar báðir foreldra barns hafa eitt tungumál að móðurmáli og sem ákveða að flytja til annars lands; þegar barnið mun byrja í skóla, mun það tileinka sér mál þess lands og tala það í skólaumhverfinu, en tala tungumál foreldranna í heimilsumhverfinu.

Jafnhliða tvítyngi á sér stað þegar einstaklingur tileinkar sér tvö tungumál samtímis frá unga aldri, þ.e.a.s frá þriggja ára aldri eða yngra. Það getur gerst við ýmsar aðstæður, t.d. þegar barn elst upp í landi þar sem opinber tungumál eru fleiri en eitt, eða þegar foreldrar eru frá sitt hvoru landi og tala sitt hvort tungumál við barnið. Eins og fyrr hefur verið sagt, er það mjög erfitt að ná einni vissri niðurstöðu í sambandi við tvítyngi almennt og þá líka við máltöku tvítyngdra barna; samt sem áður hafa margar rannsóknir sýnt fram á að máltaka þeirra barna sem öðlast tvö tungumál samtímis, fylgir sama ferlinu sem eintyngd börn fara í gegnum þegar þau eru að tileinka sér móðurmálið sitt. Það þýðir að bæði eintyngd og tvítyngd börn fara í gegnum hjalsstig, (e. *holophrastic*) einsorðastig og tveggja orða stig á báðum málum²². Það hefur samt komið í ljós þegar rannsóknir eru gerðar á tvítyngdum börnum, til þess að skoða orðaforða þeirra, að hann er ekki eins ríkur og hjá eintyngdum börnum. Þessar rannsóknir beinast samt alltaf að því að mæla kunnáttu barnsins einungis á einu af tveimur málum sem barnið talar, sem samsvarar reyndar bara til helmingis af heildarfróðleik þess²³. Ef litið er þá á tungumálin hvert fyrir sig, er

²⁰ Þórdís Gísladóttir 2004:148

²¹ Pence og Justice 2008:299

²² Fromkin o.fl. 2011:360

²³ Elín Þöll Þórðardóttir 2007:106

orðaforðinn heldur minni hjá tvítyngdum börnum en hjá eintyngdum börnum; það skýrir sig líka vegna þess að börn geta bara lært takmarkaðan fjölda af orðum á dag. Ef litið er á heildarorðaförða barnanna, á báðum tungumálunum, gæti hann hins vegar verið meiri en hjá eintyngdum börnum.

Vegna þess að tvítyngd börn eru að byggja upp tvö orðasöfn samtímis, er algengt að þau hafi svokölluð orðaskörð (e. *lexical gap*) og að þau blandi þá saman tungumálunum sem þau þekkja. Það útskýrist af því að tvítyngd börn nota tungumálin sín við mismunandi aðstæður og öðlast orðaförðann sem er viðeigandi í hverri af þessum aðstæðum. Einnig hefur verið skoðað að ung tvítyngd börn geta greint á milli kringumstæðna og valið á milli möguleikanna sem þau hafa til umráða. Ef talað er við einstakling sem þekkir einungis eitt tungumál, munu þau tala við hann á sínu móðurmáli; ef talað er við tvítyngdan einstakling munu þau gjarnan blanda saman tungumálunum tveimur í umræðunni.²⁴

Rannsóknir hafa sýnt fram á að tvítyngd börn geta tileinkað sér mismunandi málfræðireglur, líka þegar málfræðikerfið er ólíkt milli tungumála; einnig mynda þau sér ákveðna hljóðana og beygingarmyndareglur fyrir hvert tungumál. Sem dæmi fara ung íslensk börn í kringum tveggja ára aldur í gegnum tímabili sem kallast „nafnháttarstig“. Eins og fyrr hefur verið sagt, mynda börn sér ákveðnar málfræðireglur á meðan máltakan stendur sem eru ólíkar reglum fullorðinna og sem hjálpa börnunum í því ferli að rannsaka og uppgötva málið sem þau eru að læra. Það sem einkennir þetta ákveðna stig er að íslensk börn sem hafa bara íslensku að móðurmáli, nota nafnháttarform sagnar í setningum sínum og sleppa gjarnar persónubeygingum (Eva slökkva ljósið)²⁵. Ítölsk eintyngd börn sleppa aldrei persónubeygingum eða nota nafnhátt á þennan hátt. Maður gæti þá ímyndað sér að tvítyngt íslenskt-ítalskt barn á þessum aldri, myndi mögulega nota sagnorðið í nafnhætti þegar það væri að tala á íslensku, en persónubeygja sagnorðið þegar það væri að tala ítölsku.

Með því að skoða þetta fyrirbæri hafa nokkrir rannsakendur ályktað að tvítyngd börn séu eins og „tveir eintyngdir einstaklingar í sama huga“, að minnsta kosti fyrir það sem varðar málkerfi og hljóðkerfi. Þetta er samt tiltöluleg álitun, því gerðir tvítyngis eins og við höfum séð eru nánast óteljandi og hvert atvik einstakt og ólíkt, eftir því hvernig annars málsins var aflað, hvenær og hvernig það er notað.

²⁴ Fromkin o.fl. 2011:359

²⁵ Sigríður Sigurjónsdóttir 2004:9

3.3 Gerðir tvítýngis

Það er alltaf nauðsynlegt að hafa í huga að tvítýngi er ekki svart eða hvítt fyrirbæri, heldur er það samspilun af fjölmörgum þáttum. Þetta gerir það að verkum að tvítýngi er öðruvísi fyrir hvern einstakling og því er hægt að segja að hver einstaklingur hafi sína eigin gerð af tvítýngi. Einnig er hægt að skoða þessi tilbrigði útfrá mismunandi sjónarhornum, eins og sagt hefur verið í fyrri undirkafla. Með því að hafa sjónarhornin hennar Þórdísar að leiðarljósi (*upprunaviðmið, kunnáttuviðmið, notkunarviðmið og viðhorfsviðmið*) er hægt að skilgreina þáttin sem hafa mest áhrif á tvítýngi einstaklings: aldur, uppruni, uppeldi og sjálfsmynd.

Samkvæmt nokkrum fræðimönnum getur tvítýngi verið flokkað í mismunandi gerðum, t.d. eftir aldri þ.e.a.s. eftir því hvenær á ævinni einstaklingur hefur öðlast annað málið. Talað er þá um ungbarnatvítýngi (e. *infant/simoultaneous bilingualism*), barna tvítýngi (e. *child/successive bilingualism*) og „eftirkynþroska“ tvítýngi (e. *later/afterpuberty bilingualism*).²⁶

Ungbarnatvítýngi (e. *infant/simoultaneous bilingualism*) er sambærilegt við það sem Þórdís Gísladóttir kallar jafnhliða tvítýngi, það er að segja þegar einstaklingur öðlast tungumálin sín á sama tíma frá fæðingu. Þetta þýðir að ungabarnið fer úr því að tala ekki í það að tala tvö tungumál á sama tíma. Þegar þessi gerð af tvítýngi á sér stað getur verið að börnin byrji að tala aðeins seinna en eintýngd börn, en eins og allt þá getur þetta verið mjög afstætt: staðsetning barnanna í systkinahópi getur t.d. haft áhrif, þar sem fyrsta barnið byrjar oftast að tala fyrr en seinni systkynin því það þarf ekki að berjast fyrir athygli foreldra sinna; þetta getur líka verið mjög einstaklingsbundið, því það er staðreynd að það byrja ekki allir að tala á sama tíma.

Barnatvítýngi (e. *child/successive bilingualism*) er sambærilegt við það sem Þórdís Gísladóttir kallar áunnið tvítýngi, það er að segja þegar barn tileinkar sér annað mál sitt seinna heldur en hitt, en samt á æskuárunum bernskuárunum. Fræðimenn eru oft ekki sammála um hvenær tvítýngi barns ætti að vera skilgreint sem áunnið: sumir halda að ef að seinna tungumálið kemur fyrir þriggja ára aldurinn þá fellur það ennþá innan skilgreiningar jafnhliða tvítýngis.²⁷

²⁶ Harding-Esch og Riley 2003:42-45

²⁷ Harding-Esch og Riley 2003:43

Aftur getur þetta verið mjög afstætt, eftir aðstæðum barns í hverju tilviki. Það er t.d. mjög algengt að barn öðlist nýtt tungumál þegar fjölskylda þess flytur úr einu landi til annars þar sem talað er annað tungumál. Vegna aðstæðna er barnið neytt til að aðlagast og hluti af þessari aðlögun er það að læra tungumálið.

Seinni flokkurinn er kallaður „eftirkynþroska“ tvítyngi (e. *later/afterpuberty bilingualism*), en birtist ekki í aðgreiningu Þórdísar. Í þennan hóp falla unglingar sem verða tvítyngd eftir kynþroskann og fullorðnir sem verða tvítyngdir eftir unglingsárin.

Satt er að skoðun almennings er sú að hæfileiki einstaklings til að læra tungumál minnki með aldrinum. Þessi skoðun er byggð upp á því að börn virðast læra ný tungumál hraðar og auðveldlegar í samanburði við fullorðna og útkoma þess tungumáls er líkara tungumáli innfæddra. Einnig hafa þessar skoðanir verið notaðar á grundvelli „markaldurs tilgátunnar“ (e. *critical period hypothesis*) sem styður við það að einstaklingar eru hæfir til að læra tungumál á sérstöku tímabili sem fer frá fæðingu til kynþroska. Eftir þetta tímabil er heilinn talinn tapa sveigjanleika sínum og hæfni manns til að læra tungumál minnkar.²⁸ Mismunandi fræðimenn hafa endurskoðað og lagfært þessa tilgátu, t.d. hvað varðar tímabilið þar sem þessi tileinkun á sér stað. Lennenberg er einn af þeim fyrstu er gerði þessa tilgátu vinsæla; hann hélt að tímabilið færi frá tveggja ára aldri til fjórtán ára, aðrir hafa útvíkkað þessi skeið til 12, 13 15 og meira að segja 18 ára. Flestir fræðimenn í dag eru ekki sammála Lennenberg um að skilgreina ákveðinn tímapunkt þar sem þessi tileikun byrjar, aðrir hinsvegar halda því fram að þessi markaldur endi miklu fyrr en á kynþroskaskeiði, að minnsta kosti fyrir tiltekin málþroskasvæði eins og t.d. hljóðkerfisfræði.²⁹

Þessi tilgáta hefur verið gagnrýnd af mörgum fræðimönnum; fyrst og fremst byggist hún aðallega á skoðun málfræðis og framburðar einstaklings sem getur verið mjög afstæð. Oftast eru tvítyngdir fullorðnir með mikinn hreim þegar þeir tala annað málið, en það hefur verið skilgreint af vísindamönnum sem meðvituð eða ómeðvituð þörf fyrir að vernda þeirra einstaklings og félagslegu sjálfsmynd. Einnig hefur hæfileiki fullorðinna til að greina á milli mismunandi máhljóða verið rannsakaður og komið er í ljós að fullorðnir geta lært að greina á milli minnstu máhljóða betur en lítil börn og geta líka borið þau vandlegar fram.³⁰ Hvernig stendur þá á því að börn sem flytja til annars lands eru enga stund að skilja og tala tungumálið sem þar er talað, á meðan að foreldrar þeirra berjast í

²⁸ Harding-Esch og Riley 2003:69

²⁹ Vanhofe 2013:2

³⁰ Harding-Esch og Riley 2003:70

marga mánuði og stundum mörg ár við að reyna að læra það? Talið er að það sé vegna þess að börn hafa miklu betri og fleiri tækifæri til að öðlast og fullkomna tungumálið í sínu daglega lífi frekar en foreldrar þeirra.³¹ Enda leggur samfélagið sig fram við að kenna og hjálpa ungum börnum að læra nýja tungumálið eins hratt og vel og hægt er, en gerir ekki eins miklar kröfur til að hjálpa fullorðna fólkinu við það. Þar að auki þurfa börnin ekki að gera neitt annað en að einbeita sér að þessu verkefni, á meðan foreldrar þeirra þurfa að takast á við vinnu, rekstur heimilis, dagleg vandamál og eru á sama tíma að reyna að aðlagast í nýju samfélagi.

Að lokum er mikilvægt að minnst á eina gerð í viðbót sem er þekkt sem „óvirkt tvítyngi“ (e. *receptive bilingualism*), það er að segja þegar einstaklingur skilur tungumál en getur ekki talað það, mun ekki tala það eða talar það bara ekki.³² Til eru mörg mismunandi dæmi um þessa gerð af tvítyngi, eitt af þeim er þegar foreldrar tala tungumál á milli sín sem er ekki sama tungumálið sem þau tala við börnin sín. Þetta getur gerst þegar hjón flytja úr sínu heimalandi til einhvers annars lands og eignast þar börn sem alast upp í öðruvísi málumhverfi. Í þessu tilviki skilja börnin gjarnan það sem foreldrarnir segja en geta ekki, eða þeim finnst þau ekki geta, talað það. Þetta fyrirbæri getur líka verið þekkt sem „erfðamál“ (e. *heritage language*); helsta skilgreining á erfðamáli, hefur verið gefin af Guadalupe Valdés, sem lýsir erfðamálsælenda sem einstaklingi sem hefur alist upp á heimili þar sem annað tungumál en enska er talað og sem er á einhvern hátt tvítyngdur á ensku og á erfðamálinu sem er talað. Hún tekur enskuna sem dæmi en þetta getur átt við hvaða mál sem er, það sem skiptir máli er að erfðamálsælendur öðlast erfðamálið fyrst, en ekki fullkomlega því að einstaklingurinn hefur skipt yfir í annað ríkjandi tungumál.³³ Oftast er það samt þannig að ef að fjölskyldan ákveður að flytja aftur heim þá eru börnin enga stund að vinna upp tungumál foreldra sinna. Annað dæmi um óvirkt tvítyngi er þegar foreldri skilur en talar ekki tungumálið sem hitt foreldrið talar við barnið. Í þessu tilviki er þróun þessarar gerðar af tvítyngi augljós afleiðing aðstæðna, því það væri ekki mögulegt að flækja fjölskyldumeðlimi í óendanlegar þýðingar og þá yrði fjölskyldan að öllum líkindum á endanum eintyngd.

³¹ Harding-Esch og Riley 2003:70

³² Harding-Esch og Riley 2003:36

³³ Polinsky og Kagan 2007:3

4. Lýsing á tvítyngdri fjölskyldu

4.1 Aðstæður

Lýsingin er á tvítyngdri fjölskyldu sem talar íslensku og ítölsku í sínu heimilisumhverfi. Í fjölskyldunni eru átta meðlimir: íslensk móðir og ítalskur faðir og sex börn á aldrinum fimm til 22 ára.

Tvítyngi fjölskyldunnar er áhugavert vegna fjölbreytni þess fyrir hvern meðlim og verður hér gerð grein fyrir tvítyngi hvers og eins, barna og foreldra. Einnig verður lýst sögu og núverandi aðstæðum fjölskyldunnar, svo að auðveldara sé að skilja ástæður þessara mismunandi gerða tvítyngis á heimilinu.

Fyrsta barn fjölskyldunnar er stelpa sem fæðist á Íslandi en flytur svo til Ítalíu ásamt foreldrum sínum fjögurra mánaða gömul. Dóttir og móðir eru saman heima og tala saman á íslensku þar til stelpan verður þriggja ára og byrjar í ítölskum leikskóla. Stelpan byrjar þá að blanda tungumálunum saman og notar gjarnan þessa blöndu til að tjá sig. Þegar fyrsti bróðirinn fæðist er stelpan orðin sex ára og móðirinn ennþá dugleg að tala við þau á íslensku en systkinin byrja hins vegar að tala ítölsku sín á milli; eftir því sem fleiri börn fæðast verður erfiðara og erfiðara fyrir móðurina að tala við börnin á sínu tungumáli því þau tala nú öll á ítölsku sín á milli og vilja helst ekki að hún tali við þau á íslensku því þeim finnst þau ekki geta tjáð sig almennilega á þessu tungumáli; Sjálf fer móðirin síðan að hugsa og dreyma á ítölsku og það eina sem hjálpar börnunum að bæta upp á íslenskuna er að fara til Íslands á sumrin og hitta ættingjana.

Eftir 19 ár á Ítalíu ákveður fjölskyldan að flytja aftur til Íslands og er yngsta barnið þá eins árs. Ennþá er aðeins ítalska töluð heima en börnin fara núna í íslenska skóla og eignast íslenska vini. Eftir nokkur ár byrja tvö yngstu systkinin að tala meiri íslensku heldur en ítölsku og líklegt er að í framtíðinni mun íslenskan verða ítölskunni fremri hjá þeim.

4.2 Tvítýngi Fjölskyldunnar

Vegna aðstæðna er hægt að segja að hver meðlimur þessarar fjölskyldu hafi sína eigin gerð af tvítýngi og verður því lýst hér fyrir hvern og einn. Einnig væri hægt að skipta þeim í tvo hópa, samkvæmt skilgreiningu Þórdísar Gísladóttur³⁴, á áunnu tvítýngi og jafnhliða tvítýngi.

Fyrsta barn fjölskyldunnar, Sól, öðlast tungumál sín tvö samtímis frá ungra aldri. Til þriggja ára aldurs er talað við hana á íslensku að mestu leyti því að hún á mestu samskiptin við móður sína þar sem hún er heima hjá henni allan daginn. En faðirinn talar við hana á ítölsku þegar hann kemur heim úr vinnunni og hjónin tala ítölsku heima. Þess vegna virðist íslenskan aldrei taka yfir ítölskuna, þvert á móti virðist ítalskan verða sterkari eftir því sem tímanum líður þar sem það að alast upp í ítölsku umhverfi og ítölsku samfélagi hefur mikil áhrif. Íslenski grunnurinn er samt mjög góður, móðirin heldur hiklaust áfram að tala íslensku við barnið og þar að auki er alltaf lesið fyrir það á íslensku. Þetta hjálpar mikið við að halda í tungumálið, sérstaklega þegar stelpan aðlagast ítölsku skólakerfi og fer að tala ítölsku meiri hluta dags. Íslenskunni hrakar meira og meira eftir fæðingu systkinanna og ítalska verður fyrsta mál stelpunnar og íslenskan annað mál hennar. Margt hjálpar samt til við að halda góðum grunni í íslensku, t.d. það að fara til Íslands á sumrin og hvatning mömmu til að lesa á íslensku þegar stelpa verður unglingur. Þetta gerir það að verkum að þegar fjölskyldan flytur aftur til Íslands er stúlkan ekki lengi að ná að tjá sig sæmilega á íslensku, framburður er góður og hreimur lítill, þótt hún sé óviss í beygingum og málfræðireglum.

Tvítýngi Sólar væri hægt að skilgreina sem jafnhliða tvítýngi, þar sem hún hefur verið í návígi við tvö tungumál frá fæðingu. Einnig sýna gögn sem foreldrar hafa geymt um framfarir tungumáls barnsins að stelpa hefur farið í gegnum einsorðastig á báðum tungumálunum.

Í kringum tveggja ára aldur, þegar stígið sem kallast „orðasprengring“ byrjar, skrifar móðir hennar að nú segi hún nýtt orð á hverjum degi á báðum málum. Hún skilur allt á báðum tungumálum og tjáir sig líka bæði á íslensku og ítölsku, þótt að með árunum, fari hún að nota ítölskuna frekar til að tala um sérstök efni eins og t.d. skólamál, þegar hún byrjar í grunnskóla. Eins og fyrr var greint í kafla 3.1 heldur fólk almennt að tvítýngdir einstaklingar séu svolítið eins og dómtúlkur sem getur hoppað úr einu tungumáli til annars

³⁴ Þórdís Gísladóttir 2004

eins og ekkert væri. Tvítyngi er samt næstum aldrei fullkomin þekking á báðum tungumálum því að eins og hjá eintyngdum þá þróast tungumálin á þeim sviðum sem þau eru notuð.³⁵ Ef eitt tungumál er t.d. notað í skóla við að læra stærðfræði eða náttúrufræði o.s.frv. mun einstaklingurinn hafa þekkingu á fræðiheimum þessara greina á því tungumáli en ekki á hinu. Ef annað tungumálið er hins vegar notað heima, t.d. þegar eldað er, þá mun einstaklingurinn öðlast sértæk orð á því sviði á því tungumáli en ekki á hinu. En um þetta verður rætt nánar í næsta kafla.

Axel er annað barn fjölskyldunnar og fæðist þegar Sól er orðin 6 ára. Móðir hans talar íslensku við hann líka og pabbi talar á ítölsku; þar að auki eru systkinin mjög mikið saman og stóra systirin talar líka við hann á ítölsku. Samt sem áður eiga þau alltaf kvöldstund saman með mömmu þar sem lesið og sungið er á íslensku. Axel fer líka sex mánaða í ítalskan leikskóla, ólíkt systur sinni. Þrátt fyrir minni notkun á íslensku á heimilinu elst Axel líka upp með jafnhliða tvítyngi, fer í gegnum einsorða stig á báðum tungumálum og notar bæði málin til að tjá sig. Samt er ítalskan strax sterkari en íslenskan og þess vegna er einhver munur á tvítyngi hans og tvítyngi systur hans.

Ketill og Tómas koma næstir með tveggja ára millibili. Þróun tungumáls þeirra er ólík systkina þeirra. Þeir alast upp í nánast alítölsku umhverfi því að ítalskan er tungumálið sem talað er heima og þeir fara strax í ítalskan leikskóla. Það er erfiðara fyrir móðurina að tala alltaf íslensku og því byrjar hún líka að tala ítölsku við börnin, sérstaklega því þau biðja um það. Samt hættir hún aldrei að tala íslensku fyrir fullt og allt og les og syngur alltaf fyrir þau á íslensku. Tvítyngi Ketils og Tómasar á þessu tímabili væri hægt að skilgreina sem „óvirkt tvítyngi“ (e. *receptive bilingualism*) því þeir skilja nánast allt sem sagt er við þá á öðru tungumálinu, en finnst þeir ekki geta tjáð sig á því tungumáli. Í raun væri einnig hægt að skilgreina tvítyngi þeirra sem áunnið því þeir ná raunverulega tökum á íslensku þegar þeir flytja til Íslands, átta og tíu ára gamlir. Nú fjórum árum síðar, er hægt að segja að ennþá eru það þeir sem eiga í mestum erfiðleikum með íslenskuna sérstaklega í því sem varðar málfræði og setningagerð.

Yngstu börn fjölskyldunnar, Þorlákur og Líf, fæðast á Ítalíu og fara bæði 6 mánaða gömul í ítalskan ungbarnaskóla. Þau eru ekki nema þriggja og eins árs þegar fjölskyldan flytur

³⁵ Harding-Esch og Riley 2003:34

til Íslands og því er tvítýngi þeirra hægt að skilgreina sem jafnhliða. Tungumálið sem talað er heima núna er ennþá ítalska svo að tungumálið viðhaldist. Þorlákur og Líf fara í íslenskan leikskóla og eru því farin að nota bæði tungumálin til að tjá sig og blanda þeim líka gjarnan saman. Ekki er ljóst hvort tungumál er sterkara hjá þeim er líklegast er að íslenskan verði það í framtíðinni.

Á endanum væri ennig hægt að skilgreina tvítýngi foreldranna, samkvæmt skilgreiningu bókarinnar „The Bilingual Family“³⁶.

Tvítýngi Alfonsos, föðurins, væri líka hægt að skilgreina sem „óvirkt“. Á árunum þegar fjölskyldan bjó úti á Ítalíu hafði hann aldrei þurft að glíma við það að læra íslensku því að Þórunn, kona hans, talaði nú þegar á ítölsku og börnin ólust upp í ítölsku umhverfi. Samt sem áður hefur hann heyrt íslenskuna sem töluð var á milli barna og móður öll þessi ár og hefur lært með tímanum að skilja þó nokkuð í málinu. Þessi gerð af óvirku tvítýngi er mikilvæg í þróun tvítýngdrar fjölskyldu, því að þótt faðirinn geti ekki talað tungumálið sem er talað á milli hins foreldris og barnanna, skilur hann það; þetta gerir það að verkum að hann finnur ekki fyrir þörf á því að biðja alltaf um þýðingu á því sem er sagt. Ef hann þyrfti hins vegar á því að halda væri ómögulegt að halda tvítýnginu í fjölskyldunni því að samskiptin væru alltaf trufluð af frammígripi föðurins sem bæði um útskýringar.³⁷ Við flutningina til Íslands þurfti Alfonso að takast á við íslensku og ákvað að læra tungumálið við Háskóla Íslands. Skilningur batnaði verulega en það að tala var erfitt því að ótti var til staðar um að mistakast og verða strítt af hinum í fjölskyldunni. Nú gengur mun betur að tala, en það að hafa hlustað á tungumálið öll þessi ár hjálpar honum án efa.

Tvítýngi Þórunnar er gott dæmi um „eftirkynþroska“ tvítýngi. Þórunn lærði ítölsku í menntaskóla og vann þá tvö sumur á Ítalíu. Hún lagði síðan stund á ítölsku við Háskóla Íslands og fór síðan til Ítalíu sem Erasmusnemi þar sem hún hittir Alfonso. Á þessu tímabili var hún nú þegar farin að tala ítölsku en tungumálið styrktist stöðugt á þeim 20 árum sem hún bjó á Ítalíu ásamt fjölskyldunni. Í dag er ítalska hennar nánast fullkomin málfræðilega séð og stafsetning mjög góð enda hefur hún unnið og vinnur ennþá að þýðingum á milli þessara tungumála. Hún er því að öllu leyti eins og tvítýngdur einstaklingur, þótt hreimurinn sé alltaf til staðar.

³⁶ Harding-Esch og Riley 2003

³⁷ Harding-Esch og Riley 2003:38

Tafla 1. Tvítyngi fjölskyldunnar

	Jafnhliða	Áunnið	Óvirkt
Sól	×		
Axel	×		
Ketill		×	×
Tómas		×	×
Þorlákur	×		
Líf	×		
Þórunn		×	
Alfonso			×

5. Málvíxl, „Truflun“ og „Lán“

5.1 Almenn lýsing

Tvítyngi felur í sér allskonar fyrirbæri sem eru afleiðing af því að tala fleiri en eitt tungumál. Til eru mismunandi kenningar varðandi þessi tilbrigði en hér verður miðað aðallega við skilgreiningu Harding-Esch og Rileys, þar sem stuðst var við þeirra verk við greiningu fjölskyldunnar.

Áhugavert fyrirbæri sem einkennir tvítyngda er málvíxl (e. *Code Switching*). Málvíxlunn er útskýrð af fræðimönnum sem notkun á báðum málunum samtímis, þar sem einstaklingur skiptist á segðum úr málkerfi beggja tungumála.³⁸ Þegar tvítyngdir víxla málum geta þeir blandað saman einingum tungumálsins eins og hljóðönnum og orðum, eða stærri einingum eins og heilum setningum.³⁹

Ástæður fyrir málvíxl geta verið margbreytilegar en þær eru einkum þrens konar: fyrst og fremst til að fylla í mál- eða orðaskörð, þ.e. þegar orðaforði einstaklings nægir ekki til að útskýra það sem hann vill segja. Önnur ástæða til að nota málvíxl getur verið af gagnlegum orsökum, það er að segja að einstaklingur ákveður að grípa til málvíxla þegar hann vill leggja áherslu á það sem hann er að segja eða til að tjá tilfinningar, einfaldlega af því honum finnst annað tungumál láta það betur í ljós heldur en hitt. Þriðja ástæða til að nota málvíxl getur verið af félagslegum orsökum: einstaklingur beitir þá málvíxlum til að til undirstrika að hann tilheyrir tveimur samfélögum.⁴⁰ Dæmi um það getur verið vilji til að útiloka einhvern úr samræðunum eða gera samræður skemmtilegri með því að búa til orðaleiki úr báðum tungumálum.⁴¹

Eins og fyrr var sagt í kafla 4.1 þróast tungumál tvítyngdra á þeim sviðum sem þau eru notuð, það er að segja að það eru svæði í lífi tvítyngdra einstaklinga sem þeir hafa upplifað eingöngu á einu af tveimur tungumálunum sem þeir ráða yfir. Það er þess vegna algengt að þeir skilji það sem er rætt um á tilteknu sviði en þegar kemur að því að tjá sig um það þá er orðaforði þeirra ekki nægur og orðin sem koma í huga þeirra eru á

³⁸ Þórdís Gísladóttir 2004:153

³⁹ Pence og Justice 2008:301

⁴⁰ Pence og Justice 2008:302

⁴¹ Þórdís Gísladóttir 2004:154

tungumálinu þar sem þeir hafa upplifað þetta svið, eins og sagt var frá í kafla 4.2. Þetta fyrirbæri er kallað „truflun“ (e. *interference*) og hefur verið skilgreint sem frávik frá reglum annars hvors tungumáls vegna þekkingar þeirra á fleiri tungumálum.⁴² Þetta er þá allt annað en málvíxl og ekki á að rugla saman þessum tveimur fyrirbærum, þar sem eitt er meðvituð ákvörðun um að beita málunum eins og best þykir en hitt er ómeðvitaður ruglingur á tungumálunum sem hinn tvítyngdi einstaklingur hefur vald á. Truflun getur líka verið vísbending um yfirráð annars tungumálsins (e. *language dominance*) þar sem vald tvítyngds einstaklings á tungumálum sínum er ekki fullkomlega jafnt en þekking á einu tungumáli er betri en á hinu (þótt, eins og fyrr hefur verið sagt, að það sé ekki alltaf sama tungumálið sem er ríkjandi á öllum sviðum).

Annað fyrirbæri sem ekki ber að rugla saman við málvíxl er „lán“ (e. *Borrowing*), það er að segja þegar orð eða orðalag úr einu tungumáli er notað í hinu tungumálinu með því að aðlaga það samkvæmt málfræðireglum eða framburðareglum hins tungumálsins.⁴³

5.2 Dæmi úr tvítyngdri fjölskyldu

Hér verður hverju og einu þessara fyrirbæra, málvíxl, truflun og lán nú lýst með dæmum úr samræðum þeirrar tvítyngdu fjölskyldu sem gerð var grein fyrir í kafla 4.

Málvíxl hjá yngstu systkinum fjölskyldunnar, kok að mestu leyti fram í hljóðkerfinu; þ.e.a.s að þau notast við málvíxl þegar þau tala íslensku og eiga að bera fram hljóð sem þau þekkja ekki almennilega því þau eru ekki til í ítölsku. Þau nota þá hljóð sem þau þekkja úr ítölskunni og líkjast sem mest íslensku hljóðunum sem þau eiga að bera fram en eru samt ekki alveg eins. Dæmi um þannig hljóð eru þ [θ] og ð [ð]: þessi hljóð eru ekki til í ítölsku. Þess vegna nota þau f [f] og v [v] í staðin, í orðum eins og *þak/eða* og bera þau fram [fa:k] / [e:va]. Ástæðan fyrir því að þau nota eimitt þessi hljóð er að þau tilheyra öll hóp önghljóða og myndunarstaðir þeirra eru mjög nálægir, þar sem f [f] og v [v] eru tannvaramælt en þ [θ] og ð [ð] eru tannbergsmælt.⁴⁴

Málvíxl var mikið notað í fjölskyldunni þegar hún bjó á Ítalíu; systkinin töluðu yfirleitt á íslensku við móður sína þegar þau vildu ekki að aðrir skildu og einnig þegar þau vildu fela eitthvað fyrir föður sínum, sem skildi mikið en ekki fullkomlega. Systkinin

⁴² Harding-Esch og Riley 2003:34-35

⁴³ Harding-Esch og Riley 2003:63

⁴⁴ Eiríkur Rögnvaldsson 2013:36

nota málvíxl enn meira núna þegar þau ná betra valdi á íslensku og oft lenda þau í því að geta ekki fundið sambærileg íslensk orð þegar þau tala á ítölsku. Dæmi um það er þegar Sól var að tala við bróður sinn Axel og þau bæði voru á leiðinni í próf:

A: Buona fortuna per l'esame! (Gangi þér vél í prófinu!)

S: Grazie!... Sömuleiðis (Takk!... Sömuleiðis)

Hér tala systkinin við hvort annað á ítölsku en þegar Sól ætlar að óska bróður sínum góðs gengis að sama skapi þá sækir hún orð úr íslenskunni til að tjá merkingu sem henni finnst ekki getað tjáð með samsvarandi ítalska orðið.

Truflun kemur að mestu leyti fram hjá Líf, sem elst upp við jafnhliða tvítyngi. Dæmi um það er þegar hún bað Sól um aðstoð við að renna upp rennilásnum á úlpunni og sagði: „Viltu renna mér upp?“. Hér má sjá ómeðvitaða truflun frá ítölsku málkerfi þar sem sögnin „renna upp“ er aftubeygd (Puoi chiudermi la giacca?): ítalskan „truflar“ íslenskuna. Annað dæmi um þetta varðar orð á íslensku sem er mjög líkt orði á ítölsku: það er íslenska orðið *kalt*, sem er líkt ítalska orðinu *caldo* en hefur einmitt gangstæðu merkinguna *heitt*. Öll systkinin í fjölskyldunni hafa þurft að glíma við það að rugla köldu og heitu í íslensku vegna þessara líkinda og hafa þá oftast sagt: „Mér er kalt“ þegar þau vildu í rauninni segja að þeim væri heitt. Hér er um að ræða merkingarlega truflun á orði sem er hljóðlega líkt íslenska orðinu kaldur.

Eitt af því sem er gert mest á heimili fjölskíðunnar er að fá „lánuð“ orð úr einu tungumáli til annars í samtölum þeirra á milli. Það er gert með því að taka orði úr öðru hvoru tungumálinu og stinga því inn í setningu á hinu tungumálinu samkvæmt málfræðireglum þess tungumáls. Dæmi um það er þegar Líf vill mála, þá fer hún oftast til móður sinnar og segir: „Mamma, voglio malare“ (mamma mig langar að mála). Hún talar við móður sína á ítölsku en fær íslenska orðið „mála“ lánað og beygir það samkvæmt ítölskum beygingareglum. Stundum gerist það líka að systkinin noti ítölsk orð þegar þau tala á íslensku á milli sín eða við móður sína en beri þau fram með íslenskum framburði. Dæmi um það er þegar Axel bað móður sína um að kaupa hráskinku í sneiðum fyrir sig: „Mamma viltu kaupa speck a fette?“ þar sem *speck a fette* var borið fram [spehk a feht:ɛ] samkvæmt íslenskum hljóðfræðireglum þar sem aðblástur myndast í orðum með tvíritað *t, k*.⁴⁵ Þarna fékk hann lánuð íslensk hljóð til að bera fram ítölsk orð á „íslenskan hátt“.

⁴⁵ Eiríkur Rögnvaldsson 2013:95

5.3 Fordómar í sambandi við málvíxl og tvítyngi

Þessum umræðum um tvítyngi og allt það sem það felur í sér, eins og t.d. málvíxl og fleira, hefur alltaf fylgt fordómar og efa. Ein af ástæðunum þessa fordóma er vissulega munur á hraða máltöku eintyngdra og tvítyngdra barna, þar sem það virðist taka tvítyngd börn lengri tíma að öðlast tungumálin sín tvö heldur en eintyngd börn að öðlast sitt tungumál.⁴⁶ Helstu rannsóknir sem eru grunnur þessarar hræðslu gegn tvítyngi eru frá 1960 og var markimið þeirra að sýna fram á að tvítyngd börn hefðu lélegan málþroska og vitsmunaproska. Á þessum árum er einnig talað um hálftyngi, hugtak sem lýsir því að tvítyngd börn öðlist ófullkomna þekkingu á tveim málum, og því væri best að þau lærðu aðeins eitt tungumál á eðlilegan hátt. Fólk byrjaði því að skynja tvítyngi sem slæmt fyrirbæri og eitthvað sem bæri að forðast.⁴⁷ Önnur ástæða fyrir fordómum gegn tvítyngi, á rætur sínar að rekja einmitt til fyrirbærisins málvíxl. Eins og greint hefur verið frá í fyrri kafla eiga tvítyngdir einstaklingar það til að blanda málunum saman. Það var almennt horft á svoleiðis blöndu sem rangt mál og hugsunin var sú að börnin rugluðu tungumálunum saman þegar þau gripu til málvixla.⁴⁸

Umræður um tvítyngi eru ennþá yfirstandandi og fólk veltir oft fyrir sér kostum og göllum þess að vera tvítyngdur. Aðrar rannsóknir sem beindust gegn þeim sem lýst var hér að framan vildu sýna jákvæðu hliðina á því að vera tvítyngdur og töldu tvítyngda einstaklinga vera sveigjanlegri og geta leyst vandamál betur en eintyngd börn. Samt sem áður sýna enn frekari rannsóknir að tvítyngdir einstaklingarstanda ekkert framar eintyngdum nema í því að hafa vald á fleiri tungumálum.⁴⁹ Nýlegar rannsóknir á tvítyngdum börnum sem gerðar hafa verið á vísindalegan hátt með hljóð- og myndupptökum (fremur en byggðar á dagsbökum foreldra einsgöngu) hafa leitt í ljós að þau eru fullkomlega eðlileg og ekki skemmd af tvítyngdu uppeldi: þótt tvítyngd börn séu aðeins seinni til við máltöku en eintyngd börn hefur það ekki sérstök áhrif á gildi framtíðartungumáls þeirra.⁵⁰

⁴⁶ Elín Þöll Þórðardóttir 2007:106

⁴⁷ Þórdís Gísladóttir 2004:149

⁴⁸ Elín Þöll Þórðardóttir 2007:106

⁴⁹ Þórdís Gísladóttir 2004:152

⁵⁰ Harding-Esch og Riley 2003:50

6. Niðurlag

Í þessari ritgerð var fjallað um tvítyngi og einkenni þess. Fyrst var gerð grein fyrir helstu þáttum máltökunnar: rætt var um það að máltakan er stigbundin og börn fylgja ákveðnum reglum sem þau mynda sér sjálf þegar þau læra að tala, eins og t.d. alhæfing málfræðireglna, þar sem þau alhæfa reglur málsins samkvæmt reglulegasta mynstrinu. Síðan var talað um það að öll börn í öllum löndum öðlast móðurmál sitt á svipaðan hátt. Þess vegna halda flestir fræðimenn að börn hafi meðfæddan hæfileika til þess að læra tungumál. Einn þeirra fræðimanna var nefndur Noam Chomsky sem er höfundur málkunnáttufræðinnar, sem útskýrir hvernig börn geta öðlast fulla málhæfni þótt tungumálið sem þau heyra í umhverfinu sé ófullkomin heimild fyrir þau. Greint var síðan frá mismunandi stigum máltökunnar: hjalastigi, einsorðastigi, orðasprengingu og tveggja orða stigi. Í kringum sex ára aldur eru flest börn búin að ná fullri þróun á aðalsviðum málsins (hljóðfræði, setningafræði og beygingafræði).

Því næst var fjallað um tvítyngi og helstu einkenni þess. Gerð var grein fyrir mismunandi skilgreiningum á fyrirbærinu og þær bornar saman. Niðurstaðan var sú að ekki er hægt að gefa nákvæma skilgreiningu á hugtakinu tvítyngi en að hugmyndir fræðimanna skiptist í tvær meginlínur sem endurspeglast í skilgreiningu Bloomfields annars vegar, að tvítyngi sé kunnátta á tveimur málum til jafns við innfædda og svo skilgreiningu Weinrichs hins vegar, að tvítyngi sé vald á tveim tungumálum en ekki endilega jöfn málhæfni á þeim. Með þessar skilgreiningar að leiðarljósi var gerð grein fyrir máltöku tvítyngdra barna og hvernig hún er lík eða ólík máltöku eintyngdra barna. Börnunum var skipt í tvo meginhópa eftir því hvort þau ólust upp með jafnhliða tvítyngi, þ.e.a.s. þegar einstaklingur tileinkar sér tvö tungumál samtímis frá unga aldri, eða hvort þau ólust upp með áunnið tvítyngi, þ.e.a.s. þegar einstaklingur hefur tvö tungumál að móðurmáli en hefur tileinkað sér annað af þessum tveimur málum seinna heldur en hitt. Rannsóknir hafa sýnt fram á að börn sem öðlast tvö tungumál samtímis fara í gegnum sama ferli og eintyngd börn þegar þau eru að öðlast tungumál sitt. Skoðað var að tvítyngi er í rauninni með sérstökum hætti fyrir hvern einstakling og því sé hægt að segja að hver einstaklingur hafi sína eigin gerð af tvítyngi. Samt sem áður er hægt að skipta helstu gerðum í mismunandi hópa, eins og t.d. ungbarnatvítyngi, barnatvítyngi og eftirkynþroskatvítyngi, eftir því hvenær einstaklingur hefur öðlast annað málið. Einnig

var gerð grein fyrir einni gerð í viðbót sem kallast óvirkt tvítyngi, þ.e.a.s. þegar einstaklingur skilur tungumál en getur ekki eða vill ekki tala það útaf af mismunandi ástæðum.

Íslensk-ítölsk fjölskylda var síðan tekin sem dæmi og reynt var að sýna að hver meðlimur fjölskyldunnar hefur sína eigin og persónulegu gerð af tvítyngi. Fyrst og fremst var höfð hliðsjón af sögu og núverandi stöðu fjölskyldunnar til að átta sig á aðstæðunum fyrir þessum mismunandi gerðum. Í ljós kom að elstu börn fjölskyldunnar, Sól og Axel og yngstu börnin, Þorlákur og Líf, væru með jafnhliða tvítyngi, á meðan að Ketill og Tómas, sem eru þar á milli, væru með óvirkt tvítyngi á meðan fjölskyldan bjó á Ítalíu sem snérist svo í áunnið tvítyngi þegar þeir höfðu tækifæri til að öðlast hitt málið betur eftir búferlaflutninga til Íslands. Einnig var tvítyngi foreldranna skilgreint og komist var að því að faðirinn, Alfonso, væri með óvirkt tvítyngi en móðirin, Þórunn, væri með eftirkynþroska tvítyngi. Skoðað var líka tungumálið sem talað er á heimilinu og hvernig fjölskyldan grípur til málvíxla, truflunar og láns, fyrirbæri sem myndast í tungumáli tvítyngdra er þau tala hvort við annað.

Að lokum var stuttlega gerð grein fyrir mismunandi skoðunum á tvítyngi; sýnt var fram á að skilgreining tvítyngis hefur ekki alltaf verið jákvæð heldur vildu eldri rannsóknir sýna fram á að tvítyngi væri óhollt fyrir börn og að alast upp með tveimur tungumálum myndi skaða mál- og vitsmunabroska þeirra. Nýrri rannsóknir vilja helst lýsa jákvæðri hlið tvítyngis. Í dag er ég sjálf vitnisburður um það að tvítyngi hefur hvorki skaðað né eyðilagt málþroska minn og að tungumálakunnátta mín er góð þótt að ég hafi meira vald á ítölsku en íslensku. Það sem tvítyngi hefur gefið mér er að ég samsama mig sem Íslendingur og Ítali og stundum sem hvorutveggja en það sýnir mér bara að við erum öll hluti af sömu þjóð, þjóð jarðarinnar.

Heimildaskrá

Bloomfield, Leonard. 1933. *Language*. [Endurpr. 1979 hjá George Allen & Unwin, London.]

Chomsky, Noam. 1988. *Language and problems of knowledge*. The MIT Press, Cambridge.

Diane Nelson. „Hversu mörg tungumál eru notuð í heiminum í dag?“ *Vísindavefurinn*, 17. maí 2000. Sótt 1. maí 2019. <http://visindavefur.is/svar.php?id=442>.

Elín Þöll Þórðardóttir. 2007. Móðurmál og tvítyngi. *Fjölmennning á Íslandi*, bls. 101-128. Ritstj. Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson. Rannsóknastofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Fromkin, Victoria, Robert Rodman og Nina Hyams. 2011. *An Introduction to Language*. 9. útgáfa. Wadsworth, Canada.

Harding-Esch, Edith og Philip Riley. 2003. *The Bilingual Family: A Handbook for Parents*. Cambridge University Press, Cambridge.

Lightfoot, Cynthia, Michael Cole og Sheila R. Cole. 2013. *The development of children*. 7. Útgáfa. Worth Publishers, U.S.

Pence, Khara L. og Layra M. Justice. 2008. *Language Development from Theory to Practice*. Upper Saddle River, Pearson Education Inc., New Jersey.

Polinsky, Maria, og Olga Kagan. 2007. Heritage languages: In the 'wild' and in the classroom. *Language and Linguistics Compass* 1(5): 368-395.

Sigríður Sigurjónsdóttir. 2000. Nokkur orð um máltöku barna. *Uppeldi: Tímarit um börn og fleira fólk* 13(3): 30 – 33.

Sigríður Sigurjónsdóttir. 2004. „Mamma verpa egg!“: Setningamyndun ungra barna. *Talfræðingurinn* 18(1): 8-11.

Sigríður Sigurjónsdóttir. 2013. Máltaka barna og meðfæddur málhæfileiki. *Chomsky: mál, sál og samfélag*, bls. 107-129. Ritstj. Höskuldur Þráinsson og Matthew Whelpton. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Sigríður Sigurjónsdóttir. [Án árs]. Máltaka barna. *Málsgreinar*. Sótt 23. apríl 2019 af <http://ait.arnastofnun.is/grein.php?id=302>.

Vanhove, Jan. 2013. The critical period hypothesis in second language acquisition: A statistical critique and a reanalysis. *PLoS ONE* 8, (7): e69172. Sótt 26. apríl 2019 af doi:10.1371/journal.pone.0069172.

Weinrich, Uriel. 1953. *Languages in contact, findings and problems*. Linguistic circle of New York, New York.

Þórdís Gísladóttir. 2004. Hvað er tvítyngi? *Ritið* 4:143-157.